

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Auðar Capital hf.



- 1. Tilgangur**

Stjórn Auðar Capital setur sér það markmið að stjórnarhættir félagsins séu í forgrunni starfsemi þess. Félagið er að stækka og starfar á fjármálamarkaði og því er mikilvægt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi heldur en hjá stjórninni allri. Í því skyni að vanda til slíkrar umfjöllunar og einnig til að tryggja aðkomu óháðra stjórnarmanna að málinu hefur stjórnin ákveðið að skipa félaginu endurskoðunarnefnd.
- 2. Samsetning endurskoðunarnefndar**

Endurskoðunarnefnd („nefndin“) skal skipuð eigi færri en þremur stjórnarmönnum eða varastjórnarmönnum félagsins. Skal meirihluti nefndarinnar vera óháður félaginu, sjá skilgreiningu á „óháður“ í fylgiskjali sem er hluti af leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti. Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar. Skal a.m.k. einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.
- 3. Fundir**

Nefndin skal hittast að lágmarki tvisvar á ári til að fara yfir ársreikning og árshlutareikning og halda aukafundi þegar formaður nefndarinnar telur þörf á því. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður félagsins og einstakir nefndarmenn geta óskað eftir því við formann nefndarinnar að halda aukafundi ef málefni koma upp sem gera það nauðsynlegt.
- 4. Hlutverk og ábyrgðarsvið**

Endurskoðunarnefndin skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess.

Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- a) Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- b) Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu og annarra eftirlitssaðgerða.
- c) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðu-reiknings félagsins.
- d) Eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis fyrir félagið.
- e) Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtækis.
- f) Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal meta skilvirkni og áreiðanleika eftirlitsþátta í bókhaldi og á fjármálasviði félagsins til að tryggja sem best að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Í þessum tilgangi skal nefndin hitta fjármálastjóra, forstjóra og ytri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslum um störf sín til stjórnar eigi sjaldnar en árlega.

5. Heimildir endurskoðunarnefndar, aðgengi að gögnum

Við framkvæmd starfa sinna er mikilvægt að endurskoðunarnefnd hafi víðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum, innri og ytri endurskoðendum og getur nefndin óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim er varða störf hennar. Þó skal aðgangur að gögnum og starfsmönnum félagsins vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórnar félagsins.

6. Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórnendur fyrirtækisins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á

endurskoðun ársreiknings félagsins og að fylgjast með virkni innri eftirlitsþátta.

7. Óhæði nefndarmanna

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og daglegum stjórnendum þess. Meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður félaginu, auk þess sem a.m.k. einn nefndarmanna skalv era óháður stórum hluthöfum félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur þess skulu ekki eiga sæti í nefndinni en sitja fundi með henni, eftir því sem við á.

8. Mat á störfum sínum og störfum nefndarmanna

Nefndarmenn skulu árlega framkvæma mat á störfum sínum.

Samþykkt af stjórn Auðar Capital hf, 24. ágúst 2010.